



# Futsal knattspyrnulögin - Stutt samantekt

*Hér fyrir neðan má finna stutta samantekt á futsal knattspyrnulögunum. Futsal knattspyrnulögin má sjá í heild sinni á vef KSÍ. Gott er að nota þessa samantekt til upprifjunar.*

## 1. grein – Leikvöllurinn

Leikið er á handboltavelli á handboltamörk með handboltavítateig. Vítamerki er á vítateig (6 m) og ytra vítamerki er á 10 m. Skiptisvæði liða eru 5 m frá hliðarlínu og eru 5 m á lengd. Hornbogi er 25 cm í hverju horni og miðjuhringur hefur 3 m radíus.

## 2. grein – Knötturinn

Notaður er sér futsalknöttur, nr. 4 í öllum aldursflokkum (5. fl. – m.fl.).

KSÍ mælir með að leikið sé með futsalknött nr. 3 í 5. aldursflokki og yngri ef hann er til staðar.

## 3. grein – Fjöldi leikmanna

Lið er skipað 5 leikmönnum og skal einn þeirra vera markvörður. Leikur getur ekki hafist ef annað liðið er skipað færri leikmönnum en þremur. Leik skal slitið ef annað liðið hefur færri en þrjú leikmenn inni á leikvöllinum. Varamenn mega vera 7 og eru skiptingar frjálssar. Skiptingar fara fram á sérstöku skiptisvæði og er leikur ekki stöðvaður þegar skipt er um markvörð. Leikmaður skal áminntur ef skipting er ekki rétt framkvæmd.

## 4. grein – Búnaður leikmanna

Allir leikmenn skulu nota legghlífar. Markvörður skal vera vel aðgreinanlegur frá öðrum leikmönnum.

## 5. og 6. greinar – Dómararnir og aðstoðardómararnir

Í hverjum leik skulu vera tveir dómarar, dómari og dómari 2, ásamt varadómara og tímaverði. Í yngri flokkum er ekki nauðsynlegt að hafa varadómara. Séu dómari og dómari 2 ósammála um dóm, gildir ákvörðun dómarans. Dómarar skulu gefa tímavarðarborði til kynna þegar leikbrot telst vera uppsafnað og þegar uppsafnað leikbrot fylgir í kjölfar hagnaðar. Tímavarðarborðið skal gefa til kynna þegar uppsöfnuð leikbrot í hvorum hálfleik eru 5 á hvort lið.

## 7. grein – Leiktíminn

Leiktíminn í m.fl. er 2x20 mín. Leiktíminn skal stöðvaður þegar knötturinn er ekki í leik. Hvort lið á rétt á einu leikhléi í hvorum hálfleik. Ekkert leikhlé er veitt ef leikur fer í framlengingu. Nái leikmaður skoti á mark andstæðingana rétt áður en lokaflaut hljómar, telst leik ekki lokið fyrir en útkoma markskotsins er ljós (ath. að leikbrot getur átt sér stað sem refsað er fyrir með vítaspyrnu).

## 8. grein – Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju

Mark er ekki skorað beint úr upphafsspyrnu. Upphafsspyrna er tekin á miðju eftir hvert mark. Andstæðingar skulu vera í 3 m fjarlægð.

## 9. grein – Knöttur í og úr leik

Ef knötturinn hæfir loft hússins skal andstæðingurinn taka innspyrnu næst þeim stað sem knötturinn snerti loftið.

## 10. grein – Hvernig mark er skorað

## 11. grein – Rangstaða

Það er ekki rangstaða í futsal.

## 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

Rennitæklingar eru nú leyfðar, að því tilskildu að þær stofni hvorki leikmanninum sjálfum né mótherja í hættu og að leikmaðurinn snerti einungis knöttinn. Snerti leikmaðurinn andstæðing í rennitæklingunni skal dæma beina aukaspyrnu/víti. Þegar leikmanni er vikið af leikvelli má nýr leikmaður koma í hans stað eftir tvær virkar mínútur. Spili lið með einum leikmanni færri og andstæðingur skorar mark, má bæta við einum leikmanni (einnig ef leikið er tveimur færri, bara einn leikmaður inn við skorað mark). Spili bæði lið með færri leikmenn en 5 og jafnt er í liðum, helst fjöldi leikmanna í báðum liðum óbreyttur ef mark er skorað.

Eftir að markvörður losar sig við knöttinn Í LEIK (með höndum eða fótum) má hann ekki snerta knöttinn aftur á eigin vallahelmingi fyrir en knötturinn hefur snert mótherja. Markvörður má einungis hafa vald á knettinum í 4 sek. á eigin vallahelmingi, hvort sem er með höndum eða fótum. Í báðum tilfellum er dæmd óbein aukaspyrna.

### 13. grein – Aukaspurnur

Andstæðingar skulu vera 5 m frá knettinum í aukaspurnum. Spyrnandinn hefur 4 sek. til að framkvæma spurnuna. Beinir aukaspurnur og vítaspurnur teljast til uppsafnaðra leikbrota. Frá og með sjötta uppsafnaða leikbroti sem lið fær á sig, er spyrnan tekin án varnarveggs frá ytra vítamerkinu. Liðið sem á spurnuna fær val um brotstað eða ytra vítamerki ef brotstaður er nær marki en ytra vítamerkið og utan vítateigs. Markvörður verður að vera í a.m.k. 5 m fjarlægð. Aðrir leikmenn en spyrnandi skulu vera a.m.k. 5 m frá knettinum og fyrir aftan knöttinn.

### 14. grein – Vítaspurna

Vítaspurna er dæmd á leikbrot sem refsað er fyrir með beinni aukaspurnu innan vítateigs varnarliðs. Allir leikmenn utan spyrnanda og markvarðar skulu vera a.m.k. 5 m frá knettinum og fyrir aftan hann. Markvörður skal vera á marklínu.

### 15. grein – Innspurna

Spyrnandinn hefur 4 sek. til að framkvæma innspurnuna. Knötturinn skal vera kyrrstæður á hliðarlínunni eða allt að 25 cm beint út frá hliðarlínunni. Mark er ekki skorað beint úr innspurnu.

### 16. grein – Markkast

Í stað markspyrnu er markkast. Mark er ekki skorað beint úr markkasti. Markvörður hefur 4 sek. til að framkvæma markkast og má ekki snerta knöttinn aftur hvar sem er á leikvellingum fyrir en hann hefur verið snertur af mótherja.

### 17. grein – Hornspurna

Mótherjar skulu vera a.m.k. 5 m frá hornboganum í hornspurnum. Spyrnandinn hefur 4 sek. til að framkvæma hornspurnuna. Sé spyrnandinn lengur en 4 sek. að framkvæma spurnuna er dæmt markkast.

### Boðvangur

Í þeim íþróttahúsum þar sem aðstaðan býður uppá það, má merkja boðvang. Boðvangurinn nær 1 m út frá varamannabekkjunum, en þó ekki nær miðlínu en 5 m, og nær allt að 75 cm að hliðarlínunni.

## Framkvæmd leikja í meistaraflokki – Atriði til að hafa í huga

- Félög séu með keppnisbúninga. Útlið athugi áður en komið er á leikstað hvort varabúningar eigi við
- Heimalið sér um að útvega leikskýrslu. Sérstök leikskýrsla er í Futsal og er hægt að nálgast hana, og prenta út, á heimasíðu KSÍ. (Undir „Mótamál“ – „Eyðublöð“)
- Heimalið sér um að útvega að lágmarki 2 keppnisbolta – Verða að vera viðurkenndir Futsalbolta
- Heimalið útvegar tímavörð og sér til þess að leikklokka sé til staðar. Merkingar fyrir leikhlé og uppsöfnuð brot. (t.d. blað sem stendur á „L“ fyrir leikhlé og „5“ fyrir fimmta brot)
- Muna að merkja ytra vítamerki, á 10 metrum
- Koma inn úrslitum á heimasíðu KSÍ strax og leik lýkur. Ekki er gerð krafa um að skrá leikskýrslur inn en það væri voða gaman!!